



REYKJANESBÆR

VSÓ RÁÐGJÖF



## FITJAR – DEILISKIPULAG

Umhverfismat deiliskipulags

Ágúst 2021



**19120**

[https://vsoradgjof.sharepoint.com/sites/workpoint/Project267/Documents/DSK Fitjar \(Njarðvíkurfitjar\)/19120\\_Fitjar\\_umhverfisskýrsla.docx](https://vsoradgjof.sharepoint.com/sites/workpoint/Project267/Documents/DSK%20Fitjar%20(Njarðvíkurfitjar)/19120_Fitjar_umhverfisskýrsla.docx)

Nr. útg.	Dagsetning	Unnið	Yfirlærið	Samþykkt
01	31.08.2021	HTT		

**Unnið af:**

VSÓ Ráðgjöf  
Borgartúni 20, 105 Reykjavík

[www.vso.is](http://www.vso.is)

**Unnið fyrir:**

Reykjanesbær  
Tjarnargötu 12, 230 Reykjanesbær



REYKJANESBÆR



## Efnisyfirlit

<b>1</b>	<b>Inngangur</b>	<b>3</b>
1.1	Áhrifa- og umhverfispættir	3
<b>2</b>	<b>Umhverfismat</b>	<b>3</b>
2.1	Vistkerfi - búsvæði	3
2.2	Verndarsvæði	4
2.3	Landnotkun	4
2.4	Landslag og ásýnd	4
2.5	Samgöngur	4



## 1 Inngangur

Tillaga að deiliskipulagi Fitja tekur til 29 ha svæðis, frá Fitjabakka að Stekkjarkoti. Við Fitjabakka er gert ráð fyrir atvinnustarfsemi og uppbyggingu á tveimur lóðum en stærstur hluti deiliskipulagssvæðisins er útvistarsvæði sem tekur til hverfisverndaðra Njarðvíkurfitja og svæðis við Stekkjarkot.

Við Norðurfitjar er í gildi deiliskipulag fyrir uppbyggingu skrifstofu- og þjónustubyggingar sem fellt er úr gildi með nýju deiliskipulagi Fitja og verður það svæði útfært sem útvistarsvæði.

Hér er gerð grein fyrir helstu umhverfisáhrifum deiliskipulags Fitja sbr. ákvæði 5.4.1. gr. skipulagsreglugerðar nr. 90/2013 m.s.br.

### 1.1 Áhrifa- og umhverfispættir

#### Áhrifspættir

Áhrifspættir tillögu að breyttu deiliskipulagi felast í minna umfangi uppbyggingar og mannvirkjagerðar á svæðinu frá því sem gildandi deiliskipulag heimilar og endurgerð fitjasvæðis á röskuðu landi við nyrstu fitjarnar.

Nánar tiltekið er felld út 7,7 ha lóð á Norðurfitjum þar sem heimilt var að byggja allt að 50.115 m<sup>2</sup>. Í stað þess mun uppbygging afmarkast við norðurhluta svæðisins, þ.e. á númerandi lóð Fitjabakka 6 sem er 2.800 m<sup>2</sup> og á nýri 16.200 m<sup>2</sup> lóð fyrir þjónustustarfsemi, heilsurækt, veitingastarfsemi og hótel. Nýtingarhlutfall lóðanna heimilar samanlagt allt að 11.650 m<sup>2</sup> byggingarmagn, sem er veruleg minnkun frá því sem gildandi deiliskipulag heimilar.

Sunnan lóðanna við Fitjabakka tekur við útvistarsvæði Njarðvíkurfitja með stígum og áningarástöðum fyrir fuglaskoðun. Bygging (steypustöð) við Njarðarbraud 20 verður fjarlægð og raskað svæði endurgert sem útvistar- og fitjasvæði.

Þá er svæðið við Stekkjarkot útfært í nýju deiliskipulagi.

#### Umhverfispættir og viðmið

Umhverfispættir sem voru teknir til skoðunar eru vistkerfi, verndarsvæði, landnotkun, ásýnd svæðisins og samgöngur. Til hliðsjónar við mat eru m.a. viðmið og stefna aðalskipulags um hverfisvernd Njarðvíkurfitja, 61. gr. laga um náttúruvernd, markmið skipulagsлага (1. gr.) og skipulagsreglugerðar (1.1. gr.).

## 2 Umhverfismat

### 2.1 Vistkerfi - búsvæði

Vistkerfi skipulagssvæðis er að stærstum hluta sjávarfitjar með fjölskrúðugu fuglalífi, sem nýtur verndar skv. 61. gr. laga um náttúruvernd. Þar er að finna vistgerðir með hátt og verndargildi, s.s. snarrótarvist, grasmóavist og lyngmóavist á láglendi.<sup>1</sup>

<sup>1</sup> Vistgerðarkort Náttúrufræðistofnunar Íslands. Kortsjá 2021 <https://vistgerdakort.ni.is/>



Breytingartillagan hefur jákvæð áhrif á vistkerfi og búsvæði með því að draga verulega úr umfangi framkvæmdasvæði og verndun tjarna við Norðurfitjar sem skv. gildandi skipulagi færð undir nýbyggingu og bílastæði. Uppbygging samkvæmt nýju deiliskipulagi á lóðum við Fitjabakka munu raska vistgerðum með lágt verndargildi s.s. eyðimelavist, alaskalúpína og hraungambravist en skerðir ekki tjarnir. Áhrif deiliskipulags Fitja eru metin jákvæð á vistkerfi, samanborið við áhrif gildandi deiliskipulags sem hefur í för með sér umfangsmeira rask á vistkerfi og búsvæðum.

## 2.2 Verndarsvæði

Deiliskipulag Fitja gerir ekki ráð fyrir mannvirkjagerð sem skerðir vistkerfi og jarðminjar sem njóta sérstakrar verndar sbr. 61. gr. laga um náttúruvernd. Innan hverfisverndarsvæðisins við Njarðvíkurfitjar eru stígar útfærðir sem fylgja núverandi slóðum. Nýtt deiliskipulag gerir jafnframt ráð fyrir að fjarlægja ummerki steypustöðvar við Norðurfitjar, jarðvegsskiptum og landmótun til að búa í haginn fyrir endurheimt fitjanna. Áhrif tillögu er jákvæð á verndarsvæði.

## 2.3 Landnotkun

Deiliskipulag Fitja er ekki í fullu samræmi við landnotkun Aðalskipulags Reykjanesbæjar 2015-2030, þar sem fallið er frá uppbyggingu við Norðurfitjar sbr. miðsvæði (M4 Fitjar) fyrir skrifstofur, verslun og þjónustu. Endurskoðun aðalskipulags stendur yfir og gerir fyrirliggjandi aðalskipulagstillaga ráð fyrir landnotkun miðsvæðis við Fitjabakka en stækkan opins svæðis Njarðvíkurfitja í samræmi við deiliskipulagið.

Deiliskipulag Fitja mun hafa jákvæð áhrif á útvist og náttúruvernd, en óveruleg áhrif á aðra landnotkun, svo sem miðsvæði og athafnasvæði þar sem framboð miðsvæða fyrir skrifstofur, verslun og þjónustu og athafnasvæða fyrir léttan iðnað er nægilegt innan Reykjanesbæjar.

## 2.4 Landslag og ásýnd

Byggingarheimildir samkvæmt breyttu deiliskipulagi felast í 1-3 hæða byggingum á lóðum sem liggja að núverandi byggð og athafnasvæði Fitja, en að öðru leyti gert ráð fyrir opnu útvistarsvæði og endurgerð raskaðs svæðis við Norðurfitjar. Breytt deiliskipulag mun hafa jákvæð áhrif á ásýnd Norðurfitja með verndun tjarna og bættum umhverfisfrágangi. Fyrirhuguð bygging heilsuræktar mun skerma af núverandi athafnasvæði er til þess fallin að bæta ásýnd byggðar frá útvistarsvæðinu. Til samanburðar eru áhrif gildandi deiliskipulags Norðurfitja talin fremur neikvæð á ásýnd einkum vegna umfangs bílastæða og rasks á sjávarfitjum.

## 2.5 Samgöngur

Í gildandi deiliskipulags Norðurfitja er gert ráð fyrir margfalt umfangsmeiri uppbyggingu á svæðinu, sem hefði umtalsverða umferð í för með sér að svæðinu. Nýtt deiliskipulag Fitja er líklegt til að draga úr umferðará lagi samanborðið við eldra deiliskipulag. Í nýju deiliskipulagi Fitja er ekki gert ráð fyrir nýrri gatnatengingu við Njarðarbraut heldur aðkomu að lóðum um Fitjabakka. Áhrif umferðar á aðliggjandi athafnasvæði eru talin óveruleg. Samkvæmt breyttu deiliskipulagi er gert ráð fyrir stækkan útvistarsvæðis og



stígagerð sem stuðlar að bættum aðstæðum fyrir virka ferðamáta, gangandi og hjólandi. Áhrif deiliskipulags Fitja eru talin jákvæð á samgöngur.